



Reglur Hvalfjarðarsveitar um laun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna

Laun sveitarstjórnarfulltrúa

Laun sveitarstjórnar, oddvita sveitarstjórnar, formanna og fulltrúa í nefndum á vegum Hvalfjarðarsveitar skal vera hlutfall af þingfararkaupi alþingismanna. Frá júlí 2024 er viðmið um laun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna sem hlutfall af þingfararkaupi sem er kr. 1.525.841.

Grunnlaun:

| | | |
|-------------------------------------|-----|-----------------|
| Oddviti sveitarstjórnar | 50% | (kr. 762.921.-) |
| Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar | 10% | (kr. 152.584.-) |
| Fyrsti varafulltrúi í sveitarstjórn | 2% | (kr. 30.517.-) |

Fundir:

| | | |
|--------------------------------|----|----------------|
| Oddviti sveitarstjórnar | 3% | (kr. 45.775.-) |
| Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar | 3% | (kr. 45.775.-) |
| Varamenn í sveitarstjórn | 3% | (kr. 45.775.-) |

Sæki sveitarstjórnarfulltrúi fundi eða ráðstefnur utan Hvalfjarðarsveitar skv. ákvörðun sveitarstjórnar skal greiða 2% (kr. 30.517.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern dag auk ferðakostnaðar.

Greiða skal vegna aksturs á fundi á vegum Hvalfjarðarsveitar utan sveitarfélagsins kílómetragjald skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins og skv. útfylltri akstursdagbók. Oddviti sveitarstjórnar fær fastan bifreiðastyrk á mánuði að fjárhæð kr. 10.000.-

Laun sveitarstjórnarfulltrúa skulu greidd mánaðarlega.

Oddviti og sveitarstjórnarfulltrúar eru slysatryggðir skv. almennri slysatryggingu.

Laun fyrir setu í nefndum

Laun nefnda skulu vera í hlutfalli af fyrrgreindri viðmiðunarfjárhæð, kr. 1.525.841.-

Formenn nefnda fá greitt 7% (kr. 106.809.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.

Almennir fulltrúar í nefndum fá greitt 3% (kr. 45.775.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.

Laun til kjörstjórnar skulu ákveðin sérstaklega hverju sinni af sveitarstjórn.

Skólastjórar leik- og grunnskóla, kennarar og aðrir fulltrúar, sem lögum samkvæmt er skylt að sitja fundi fræðslunefndar, fái greitt 1% (kr. 15.258.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund sem þeir sitja.

Nefndarlaun skal greiða tvisvar sinnum á ári 1. júní og 1. desember og miðast við framlagðar fundargerðir.

Önnur réttindi

Greitt er 11,5% mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð. Ekki er greitt mótframlag vegna greiðslu í séreignasjóð.

Framangreind viðmiðunarfjárhæð (kr. 1.525.841.-) er þingfararkaup alþingismanna í júlí 2024 og tekur hún breytingum skv. ákvörðun Alþingis um þingfararkaup nema annað sé ákveðið af sveitarstjórn.

Aðalfulltrúar í sveitarstjórn geta, gegn framvísun kaupnótu/reiknings, fengið styrk til tölvukaupa að fjárhæð kr. 100.000.- á kjörtímabili.

Gildistaka

Reglur þessar skulu taka gildi þann 1. júní 2024.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 26. apríl 2022

Sveitarstjórn samþykkti breytingar á reglunum á 373. fundi þann 12. apríl 2023 vegna nýrra laga um skyldutryggingu og starfsemi lífeyrissjóða þar sem mótframlag launagreiðanda hækkar úr 8% í 11,5%.

Viðmiðunarfjárhæðir eru uppfærðar frá 1. júlí 2024